



Steðji

Stjórnunar- og verndaráætlun 2016 - 2025

Desember 2016



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2017 – 2021.....	4
1. INNGANGUR	6
1.1. Leiðarljós.....	6
1.2. Eignarhald og umsjón	7
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	7
1.4. Verndargildi svæðisins	7
8	
1.5. IUCN verndarflokkun	8
2. LÝSING Á SVÆÐINU	9
2.1. Mörk svæðisins.....	9
2.1.1. Tengsl við grannsvæði.....	9
2.2. Náttúruminjar	9
2.2.1. Jarðminjar	10
2.2.2. Gróður og dýralíf.....	10
2.3. Menningarminjar	10
2.4. Landnotkun.....	10
2.5. Ferðaþjónusta og útivist.....	11
2.6. Innviðir og mannvirki	11
2.6.1. Byggingar.....	11
2.6.2. Vegir og vegslóðar.....	11
2.6.3. Stígar og gönguleiðir	11
2.6.4. Aðgengi	11
2.6.5. Skilti.....	12
2.7. Rannsóknir og vöktun	12
2.8. Kynning og fræðsla.....	12
2.9. Öryggismál	12
12	
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	13
3.1. Náttúruminjar	13
3.1.1. Jarðminjar	13
3.1.2. Gróður og dýralíf.....	13
3.2. Menningarminjar	13
3.3. Landnotkun.....	13
3.3.1. Skógrækt	14
3.3.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun	14
3.4. Ferðaþjónusta og útivist.....	14
3.5. Innviðir og mannvirki	14
3.5.1. Rekstur, landvarsla, eftirlit með innviðum og sorp.....	14



3.5.2.	Vegir, slóðar og bílastæði.....	15
3.5.3.	Stígar og gönguleiðir	15
3.5.4.	Skilti.....	15
3.6.	Mönnuð og ómönnuð loftför	15
3.7.	Rannsóknir og vöktun	16
3.8.	Kynning og fræðsla.....	16
3.9.	Öryggismál	16
	SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	17
	HEIMILDIR	19
	VIÐAUKI I	20
	VIÐAUKI II.....	22

Aðgerðaáætlun 2017 – 2021

Kafli þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að verði unnar á næstu fimm árum. Aðgerðirnar eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáið hverju sinni.

Árlega

- ✓ Landvörður Umhverfisstofnunar fari í eftirlitsferð að Steðja, að lágmarki tvisvar yfir sumartímenn.
- ✓ Landvörður fylgist með álagi af völdum ferðamanna á svæðinu og skrái í landvarðaskýrslu.
- ✓ Landvörður vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. Öryggismála og skrái í dagbók landvarðar.
- ✓ Umhverfisstofnun stýri umferð fólks á svæðinu með stikum, köðlum og merkingum.
- ✓ Landvörður haldi við ásýnd birkigróðurs sem er við áningastað innan svæðisins með því að snyrta hann þannig að gróðurinn veiti skjól en vaxi ekki yfir áningastaðinn.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við sveitarfélagið, hlutist til um að afla þeirra rannsókna sem til eru um Steðja og nágrenni hans og koma á aðgengilegt form, þannig að þær verði aðgengilegar fyrir almenning.

2017

- ✓ Umhverfisstofnun setji léttu girðingu umhverfis Steðja til að koma í veg fyrir að menn klífi klettinn.
- ✓ Umhverfisstofnun afmarki bílastæði.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp skilti sem bannar næturgistingu á staðnum.
- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar* fyrir náttúruvættið Steðja.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Kjósarhrepp, sækir um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir deiliskipulagi Steðja.

2018

- ✓ Umhverfisstofnun láti vinna deiliskipulag fyrir svæðið fáið styrkur úr Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

2019

- ✓ Umhverfisstofnun byggi upp göngustíga þar sem þess er þörf og viðhaldi þeim eftir föngum samkvæmt niðurstöðum úr stefnumótun árið 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun láti endurprenta núverandi fræðsluskilti.
- ✓ Sett verði upp öryggisskilti og merkingar við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu.

2020

- ✓ Umhverfisstofnun leggur til við Kjósarhrepp að sögum af einbúanum í klettinum, álagablettinum Skeiðarhólsflöt og sögum og minningarbrotum fólks um ferðir þess við Steðja verði safnað.

2021

- ✓ Umhverfisstofnun leggur til við Kjósarhrepp að almennt fræðsluefni um Steðja verði aðgengilegt á heimasíðu Kjósarhrepps og Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun leggur til að Kjósarhreppur kanni möguleika á að kennsluefni um Steðja, ætlað almenningi og/eða skólum, verði unnið.



1. Inngangur

Steðji er sérkennilegur klettur sem stendur á stöpli og líkist bikar eða staupi í laginu enda er annað vel þekkt nafn á klettinum Staupasteinn. Steðji er tæpir 3 metrar á hæð og stendur á Skeiðhóli undir norðanverðum Reynivallahálsi í Hvalfirði. Steðji er eina svæðið sem friðlýst hefur verið í Kjósarhreppi.

Steðji var friðlýstur sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Þáverandi formaður náttúruverndarnefndar Kjósarsýslu, Oddur Andrésson á Neðri-Hálsi, hafði frumkvæði að friðlýsingunni. Steðji heyrir undir jörðina Hvammsvík.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Steðja hófst í maí 2016. Áætlunin var unnin af starfshópi um náttúruvættið og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við landeigendur og sveitarfélag, og er hún hugsuð sem stjórnþæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið.

Starfshópurinn skipuðu:

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
Guðný G. Ívarsdóttir, fulltrúi Kjósarhrepps
Hafsteinn Bjarnasson, fulltrúi landeiganda

Áætlunin gildir til ársins 2025 og með henni fylgir aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Með friðlýsingum er almennt stuðlað að því að lífríki fái að þróast eftir eigin forsendum, að jarðmyndunum sé ekki raskað og náttúruvegurð haldist ósnortin. Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Steðja er að draga fram sérstöðu þess og leggja fram stefnu um hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Sérstaða náttúruvættisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Friðlýst svæði hafa oft mikið aðdráttarafl og eru í mörgum tilfellum helstu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi. Mikilli umferð fólks fylgir þó óneitanlega rask. Það er því ákveðin áskorun fólgin í því að gefa fólki kost á að njóta náttúrunnar og á sama tíma stuðla að því að gildi hennar skerðist ekki. Með þessari stjórnunar- og verndaráætlun er leitast við að vernda Steðja og nærumhverfi hans, ekki síst í ljósi þessarar áskorunar.

1.1. Leiðarljós

Hér eru sett fram leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Leiðarljósin eru framtíðarsýn og lýsa grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í áætluninni um hvernig viðhalda og auka megi verndargildi náttúruvættisins. Nánari stefnumörkun, þ.e. markmið

og leiðir að markmiðum, byggir á leiðarljósunum og er sett fram í hverjum málaflokki. Leiðarljósín eru:

- ✓ Steðji verði fyrirmyndar áfangastaður þar sem náttúruvernd, góð umgengni og virðing fyrir umhverfinu eru höfð að leiðarljósi.
- ✓ Á svæðinu sé hvatt til ábyrgrar umgengni og ferðamennsku.
- ✓ Áhersla verði lögð á fræðslu um staðinn þannig að gestir séu fróðari þegar þeir fara en þeir voru þegar þeir komu.
- ✓ Gott samstarf sé ávallt milli allra hlutaðeigandi aðila.

1.2. Eignarhald og umsjón

Friðlýsta svæðið heyrir undir jörðina Hvammsvík. Umhverfisstofnun fer með umsjón og rekstur svæðisins samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Starfsmenn Umhverfisstofnunar í þjóðgarðinum Snæfellsjökli sjá um náttúruvættið og munu stýra framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Yfir sumartímann annast svæðalandvörður Vesturlands eftirlit með svæðinu.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Steðji, ásamt næsta nágrenni, var friðlýstur sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Samkvæmt friðlýsingunni er gangandi fólki heimil dvöl á svæðinu en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt eða skaða gróður umhverfis það. Góð umgengni er áskilin og mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt aðalskipulagi Kjósarhrepps er Steðji skilgreindur sem 7 ha. náttúruverndarsvæði á landbúnaðarlandi. Það þýðir að á því svæði má stunda landbúnað að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem um svæðið gilda.

1.4. Verndargildi svæðisins

Steðji hefur jarðfræðilegt og menningarlegt verndargildi. Myndunarsaga svæðisins er merkileg og hefur jarðfræðilegt fræðslugildi. Menningarlegt gildi Steðja felst annars vegar í þeirri sögn að í honum eigi einbúi sér bústað og hins vegar tengist Steði ferðum fólks um Hvalfjörð, sem var í þjóðbraut áður en Hvalfjarðargöngin voru opnuð en steinninn var þá vinsæll áningastaður.



1.5. IUCN verndarflokkun

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast Steðji undir flokk III. Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruinjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.


2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Friðlýsingin nær yfir Steðja og næsta umhverfi hans. Samkvæmt auglýsingu um svæðið eru mörk þess brún Skeiðhóls frá austurenda við veg þvert í brekkufót og vestur með honum til móts við vesturenda hólans. Þaðan með hábrún hans að austurmörkum. Kort af svæðinu má sjá í viðauka II. Náttúruvættið er um 3,2 ha að stærð.

2.1.1. Tengsl við grannsvæði

Hvalfjarðargöng voru opnuð árið 1998 en fram að þeim tíma var ekið fyrir Hvalfjörð. Lá þjóðvegurinn framhjá Steðja sem fór ekki framhjá þeim sem leið áttu um fjörðinn. Fyrstu árin eftir opnun Hvalfjarðargangna var umferð fyrir Hvalfjörð nokkuð jöfn en frá árinu 2012 hefur umferðin aukist, einkum sumardagsumferðin. Tölurnar benda til þess að hluti þeirra ferðamanna sem lagt hafa leið sína til landsins síðustu ár aki um Hvalfjörð.



(Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar, tölvupóstur, 24. júní 2016)

2.2. Náttúruminjar

Kletturinn Steðji er þekktastur vegna sérkennilegrar lögunar sinnar. Fleira er þó áhugavert við steininn og umhverfi hans, einkum myndunarsaga staðarins.

2.2.1. Jarðminjar

Skeiðhóll, sem Steðji stendur í, varð til í tveimur aðskildum áföngum. Hann er í raun tveir hólar eða hæðir sem tengjast saman og mynda eina heild. Eldri og vestari hluti Skeiðhóls er bergbrík úr basalt hraunlögum áþekktum þeim er finnast í neðsta hluta Reynivallaháls, ofan við Skeiðhól, á meðan eystri og yngri hluti Skeiðhóls hefur myndast fyrir um 10.000 árum síðan. Á þeim tíma ríkti kaldara loftslag og náði snjór ekki að bráðna yfir sumartímamann. Mynduðust þá fannir sem náðu austur á bergstallinn þar sem Skeiðhóll og Steðji eru nú. Eystri hluti Skeiðhóls er úr efni sem féll úr fjallinu, valt niður eftir fönninni og staðnæmdest á bergstalli í fjallshlíðinni. Þegar hlýnaði í veðri í upphafi nútíma leysti þessar fannir og í ljós kom aflangur hóll, svokölluð urðarbrík (e. protalus rampart). Einn af steinunum sem fallið hafa úr hraunlögum í klettinum er Steðji. Steinninn er tvískiptur og er neðri hluti hans úr rauðleitu, holufylltu gjalli en efri hlutinn úr stuðluðu basalti. Steinar sem falla úr klettinum í dag staðnæmast í skriðunum ofan við Skeiðhól. (Heimild: Efni unnið af jarðvísindadeild HÍ fyrir Umhverfisstofnun).

2.2.2. Gróður og dýralíf

Gróðurfar umhverfis Steðja er mólendi og gras. Mófuglar halda sig á svæðinu en engar sjaldgæfar tegundir hafa fundist þar.

2.3. Menningarminjar

Steðji er þekktur undir nokkrum heitum. Hann er gjarnan kallaður Staupasteinn, enda lag hans líkt staupi eða bikar. Önnur heiti steinsins eru Prestur og Karlinn í Skeiðhól. Sögur eru um að í klettinum búi einbúi sem nefndur er Staupa-Steinn og eru til nokkrar sagnir af honum. Honum hefur verið lýst sem síðhærðum og skeggjuðum, góðlyndum, gamansömum og sérlega barngóðum. Hann er sagður skemmta sér vel þegar fjölskyldufólk staldrar nálægt Steðja og krakkar leika sér með bolta á meðan foreldrar njóta útilofts og náttúrufegurðar. Steðji tengist ferðum fólks um Hvalfjörð en fyrir daga Hvalfjarðarganga og á meðan vegurinn um Hvalfjörð fór framhjá staðnum var hann vinsæll áningastaður ferðalanga. Steinninn hefur því sett mikinn svip á ferðalög og hugi ferðalanga í gegnum tíðina. Í kynningarstarfi vegna Hvalfjarðarganga var karlinn Staupa-Steinn notaður sem einskona verndari Hvalfjarðarganga. Var sú ráðstöfun gagnrýnd af biskupi og olli nokkrum deilum á sínum tíma.

Árið 2008 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I. Tvær fornleifar eru skráðar í nágrenni Steðja. Önnur er þjóðleiðin sem lá hjá Steðja. Hinar fornleifarnar eru álagabletturinn Skeiðarhólsflöt sem liggur milli kletta undir Skeiðhól og niður að sjó.

2.4. Landnotkun

Hefðbundin landnotkun á borð við beit eða slátt hefur verið aflögð og er svæðið eingöngu nýtt til ferðaþjónustu og útivistar. Birkitrjám hefur verið plantað við áningastaðinn og er þar

nú dálítið rjóður. Af ummerkjum á gróðri að dæma virðist vera vinsælt að fara upp hvilft á milli hæðanna, upp á hæstu punkta. Þaðan er útsýni fagurt og líklega algengt að teknar séu myndir. Ekki er vitað hvort algengt sé að atvinnuljósmyndarar leggi leið sína þangað. Ekki hefur verið leitað til Umhverfisstofnunar eftir leyfum til kvikmyndatöku á svæðinu.

Steðji og umhverfi hans er notalegur áfangastaður þar sem hægt er að njóta fagurs útsýnis yfir Hvalfjörð. Staðurinn hentar einkum einstaklingum á ferð og litlum hópum en síður stórum hópferðabílum. Áhugaverð tengsl náttúru og menningar einkenna staðinn.

2.5. Ferðaþjónusta og útivist

Skemmtileg aðkoma er að Steðja eftir gamla þjóðveginum sem liggur með rótum Reynivallaháls. Björg með líflegu fuglalífi eru í hlíðum fjallsins, ofan við áningastaðinn. Ef farið er upp á Skeiðhól er útsýni yfir Hvalfjörðinn eins og hann leggur sig. Nokkur umferð virðist vera að Steðja en ekki er vitað hve mikil hún er. Gönguslóði liggur upp á hólinn og eftir honum þaðan sem útsýni er gott yfir fjörðinn.

2.6. Innviðir og mannvirki

Svæðið er ekki deiliskipulagt en ekki er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu við Steðja.

2.6.1. Byggingar

Engar byggingar eru við náttúruvættið. Áningaborð var á staðnum en það var horfið sumarið 2015, hafði fokið í óveðri veturinn áður.

2.6.2. Vegir og vegslóðar

Vegurinn um Hvalfjörð, vegur nr. 47, liggur neðan við Skeiðhól. Gamli vegurinn um Hvalfjörð liggur frá honum og upp að Steðja og hefur Kjósarhreppur séð um viðhald vegarins. Milli hólins og fjallsins er grunnt skarð þar sem ekið var áður fyrr uns þjóðvegurinn var færður niður fyrir hólinn og nær sjónum. Lítið bílastæði er við enda vegslóðans að Steðja. Gamli vegurinn er að öðru leyti aflagður.

2.6.3. Stígar og gönguleiðir

Malargöngustígur liggur frá bílastæðinu upp að Steðja. Mölin er orðin gróf, finna efni hefur skolast og fokið burt. Stígurinn er brattur og hætta á að fólk renni í mölinni. Til að fara upp á Skeiðhól er þægilegri gönguleið í hvilft á milli hæðanna tveggja.

2.6.4. Aðgengi

Bílastæði er við Steðja og því geta hreyfihamlaðir komist nálægt honum. Stígurinn upp að klettinum er hins vegar ekki góður fyrir hreyfihamlaða.

2.6.5. Skilti

Vegskilti við Þjóðveginn beinir fólki upp að Steðja og við klettinn er upplýsinga- og fræðluskilti Umhverfisstofnunar. Á skiltinu er sagt frá náttúruminum staðarins og einbúanum. Einnig er fólk hvatt til að skilja ekkert eftir nema fótspor. Kortið á skiltinu er nokkuð óskýrt og þyrfti að endurprenta. Setja þarf upp skilti sem bannar næturgistingu á staðnum.

2.7. Rannsóknir og vöktun

Náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins sendir Umhverfisstofnun árlega upplýsingar um stöðu svæðisins. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og svæðalandvörður sjá um vöktun á ástandi innviða og náttúrufars og var tvisvar farið í eftirlit á svæðið árin 2015 og 2016 og svæðið tekið út. Rannsóknir hafa ekki farið fram á Steðja.

2.8. Kynning og fræðsla

Fræðslugildi Steðja og nánasta umhverfis hans felst í fallegum landslagsháttum og áhugaverðri jarðfræði. Einnig í menningarlegum þáttum sem geta verið innblástur fyrir listræna túlkun.

Fræðsla um friðlandið er aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is og er eitt fræðluskilti á svæðinu. Landverðir hafa ekki staðið fyrir skipulögðum fræðslugöngum á svæðinu.

2.9. Öryggismál

Ábendingar eru á fræðluskilti um að kveikja ekki eld á staðnum og að akstur sé ekki leyfilegur utan vegar og bílastæðis.



3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Náttúruminjar

Markmiðið er að náttúrufarsleg gæði svæðisins rýrni ekki og ásýnd staðarins haldist.

3.1.1. Jarðminjar

Vernda skal náttúruvættið Steðja og umhverfi hans og gæta þess að framkvæmdir og ágangur rýri ekki gildi svæðisins og ásýnd þess.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfis Steðja verður strengd grönn sjólína til að gefa til kynna að menn eigi ekki að klífa klettinn.

3.1.2. Gróður og dýralíf

Vernda skal gróður og dýralíf innan svæðisins og koma í veg fyrir jarðvegsrof af völdum umferðar manna. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu. Stýra þarf umferð fólks um svæðið og bæta merkingar til að stuðla að gróðurvernd.

Aðgerðir:

- ✓ Setja þarf merkingar vegna gróðurverndar meðfram stígum og loka villuslóðum með köðlum.

3.2. Menningarminjar

Stefna skal að því að varðveita sögur og sagnir um klettinn og nágrenni hans og koma þeim til skila í fræðslu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun leggur til við Kjósarhrepp að sögum af einbúanum í klettinum og sögum og minningarbrotum fólks um ferðir þess við Steðja verði safnað. Einnig sögn um álagablettinn Skeiðarhólsflöt. Slíkt verkefni gæti t.d. orðið námsverkefni nemenda í þjóðfræði, mannfræði eða kennslufræði. Sækja má um styrk til Sóknaráætlunar Vesturlands sem styrkir m.a. menningarverkefni.

3.3. Landnotkun

Landnotkun á svæðinu skal vera í samræmi við markmið um verndun Steðja og deiliskipulag þegar það liggur fyrir.

3.3.1. Skógrækt

Birkitrjám hefur verið plantað nokkuð frá náttúruvættinu sjálfu en ekki er gert ráð fyrir frekari skógrækt en við áningastað, þar sem hún gæti hugsanlega spilt landslagsminjum frá lokum ísaldar. Áfram verður leyft að planta birkitrjám til að mynda skjól en sækja ber um leyfi til Umhverfisstofnunar áður en það er gert.

Aðgerðir:

- ✓ Halda skal við þeim birkigróðri sem þegar er kominn.

3.3.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Sækja ber um leyfi Umhverfisstofnunar vegna kvikmyndatöku og ljósmyndunar sem kann að hafa í för með sér rask á náttúruvættinu. Stofnunin metur í hverju tilviki hvort viðburður sé háður leyfi. Ef til eftirlits kemur vegna leyfisskyldra viðburða getur umsækjandi þurft að bera kostnað af því. Sótt er um leyfi vegna framkvæmda, þ.m.t. myndatöku í atvinnuskyni, á vef Umhverfisstofnunar.

3.4. Ferðapjónusta og útivist

Stefnt er að því að svæðið haldi sérstöðu sinni sem lítill og notalegur áningastaður fyrir einstaklinga og litla hópa. Aðgengi verði bætt og öryggi ferðamanna betur tryggt með bættri stígagerð.

3.5. Innviðir og mannvirki

Nægir innviðir skulu vera til staðar til að taka á móti þeim gestum sem heimsækja svæðið. Samræmi skal vera í útliti og hönnun innviða og þeir skulu falla vel að umhverfinu. Reglulegt viðhald skal vera á innviðum.

Aðgerðir:

- ✓ Deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið.

3.5.1. Rekstur, landvarsla, eftirlit með innviðum og sorp

Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur svæðisins og svæðalandvörður sinnir því yfir sumartímann. Kanna mætti möguleika á að gera umsjónarsamning um svæðið við Kjósarhrepp.

Hvetja skal gesti til að taka sorp með sér af svæðinu en sorptunnur verða ekki settar upp.

Aðgerðir:

- ✓ Svæðalandvörður Umhverfisstofnunar fari í eftirlit að Steðja, að lágmarki tvisvar yfir sumartímann.

- ✓ Umhverfisstofnun kanni möguleika á að fela öðrum umsjón með svæðinu.

3.5.2. Vegir, slóðar og bílastæði

Gamla veginum sem liggur frá Hvalfjarðarvegi upp að Steðja er haldið við af sveitarfélaginu og verður gert áfram. Afmarka þarf bílastæðið þannig að fólk aki ekki inn á grasið við áningastaðinn.

Aðgerðir:

- ✓ Afmarka skal bílastæði með t.d. járnstikum og köðlum.

3.5.3. Stígar og gönguleiðir

Göngustígar skulu vera öruggir og með góðu undirlagi þannig að gestir fylgi þeim. Göngustígur liggur að Steðja og upp með honum á Skeiðhól. Sá hluti er brattur og hættulegur. Búa þarf til þrep í stíginn eða loka honum og beina fólki aðra leið vilji það fara upp á Skeiðhól. Umhverfisstofnun stuðli að slysaförvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Ákveðið verði hvar göngustígar skulu liggja.
- ✓ Umhverfisstofnun byggi upp göngustíga í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru þar um og annist nauðsynlegt viðhald.
- ✓ Umhverfisstofnun skal setja upp viðeigandi leiðbeininga- og varúðarskilti á svæðinu.

3.5.4. Skilti

Upplýsinga- og fræðsluskilti Umhverfisstofnunar er við Steðja en er óskýrt og þyrfti að endurprenta. Setja þarf upp skilti sem bannar næturgistingu á staðnum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp skilti sem bannar næturgistingu.
- ✓ Umhverfisstofnun láti endurprenta núverandi skilti.

3.6. Mönnuð og ómönnuð loftför

Flugumferð við náttúruvættið er háð almennum skilyrðum um lámærksflughæð. Koma skal í veg fyrir truflun af völdum flugvéla, þyrlla og ómannaðra loftfara í og við náttúruvættið sem geta valdið truflun gesta og dýralífs.

3.7. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr. laga um náttúruvernd skal Náttúrufræðistofnun Íslands vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Vegna eðlils og umfangs náttúruvættisins Steðja er ekki talin þörf á að gera sérstaka vöktunaráætlun að öðru leiti en því að náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins mun áfram kanna svæðið minnst árlega og senda Umhverfisstofnun upplýsingar um stöðu svæðisins. Auk þess munu sérfræðingur Umhverfisstofnunar og svæðalandvörður sjá um vöktun á ástandi innviða og náttúrufars og fara minnst tvisvar á sumri í sérstakt eftirlit og taka svæðið út þar sem svæði er m.a. vaktað með því að taka ljósmyndir á völdum stöðum og þannig fylgst með breytingum sem kunna að verða á svæðinu. Að öðru leiti er almenn landvarsla að svæðinu eftir því sem hægt er.

Aðgerðir:

- ✓ Rannsóknir sem til eru um Hvalfjörð, s.s. á jarðfræði hans, verði aðgengilegar fyrir almenning á vefsíðu Umhverfisstofnunar.
- ✓ Landvörður fylgist með álagi á svæðinu og skrái í landvarðaskýrslu.

3.8. Kynning og fræðsla

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru-, sögu- og menningarminjar náttúruvættisins og þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru- og menningaminjum svæðisins sem verið er að vernda. Þannig verði stuðlað að góðri umgengni.

Svæðið er stutt frá þéttbýli höfuðborgarsvæðisins og gæti því nýst sem áhugaverður kostur fyrir fræðsluferðir skólahópa. Kjós og Hvalfjörður bjóða upp á mikla möguleika í því tilliti.

Aðgerðir:

- ✓ Almenn fræðsluefni um Steðja verði aðgengilegt á heimasíðu Kjósarhrepps og Umhverfisstofnunar.
- ✓ Kjósarhreppur kanni möguleika á að fræðslu- og kennsluefni ætlað almenningi og/eða skólum verði unnið og haft aðgengilegt á heimasíðu hreppsins. Leita skal leiða til að fjármagna slíkt og má í því sambandi benda á Sóknaráætlun Vesturlands sem veitir m.a. styrki til menningarmála.
- ✓ Landvörður Vesturlands bjóði upp á fræðslu um staðinn einu sinni að sumri. Hátíðin „Kátt í Kjós“ er tilvalin vettvangur fyrir slíka fræðslu.

3.9. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best við náttúruvættið. Upplýsingum varðandi óhöpp og slys sem kunna að verða skal safna saman og þær greindar m.t.t. forvarna.



Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar við öryggismál við Steðja.

Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar* fyrir náttúruvættið Steðja.
- ✓ Landvörður vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. öryggismála og skrái í dagbók landvarða.

Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl við náttúruvættið Steðja sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- Óheimilt er að eiga næturstað innan náttúruvættisins Steðja.

Heimildir

Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar. Upplýsingar um umferð um Hvalfjörð, tölvupóstur 24. júní 2016.

Ásta K. Davíðsdóttir, landvörður. (2015). Svæðalandvarsla á Vesturlandi 2015. Óútgefið efni.

Flestar jarðir í Kjósarhreppi á Náttúruminjaskrá. (2010). *Kjósinn*. Sótt 19. maí 2016 af <http://kjos.is/allar-frettir/nr/98539/>

Maríuhöfn-Búðasandur-Steðji. *Ferlir*. Sótt 19. maí 2016 af <http://www.ferlir.is/?id=7055>

Minjastofnun Íslands (2016). Gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Steðja. Bréf frá Kristni Magnússyni, verkefnastjóra í október 2016.

Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól, Kjósarhreppi. *Umhverfisstofnun*. Sótt 19. maí af <http://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vesturland/stedji-staupasteinn/>

Sögumolar. *Spölur ehf*. Sótt 19. maí 2016 af <http://spolur.is/index.php/sogumolar.html>.

Tómas Einarsson, Helgi Magnússon, Örlygur Hálfðánarson. (1989). *Íslandshandbókin*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Umferðartölur. *Vegagerðin*. Sótt 22. júní 2016 af <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

Viðauki I

Stj.tíð B, nr. 218/1974. Sérprentun nr. 417.

Auglýsing um náttúruvætti. Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa náttúruvætti steininum Steðja (Staupastein) á Skeiðhól í Hvalfirði ásamt næsta umhverfi.

Mörk náttúruvættisins eru þessi: Brún Skeiðhóls frá austurenda við veg þvert í brekkufót og vestur með honum til móts við vesturenda hólsins. Þaðan með hábrún hans að austurmörkum.


Þessar reglur gilda:

1. Akstur er aðeins leyfður á vegi og afmörkuðu bílastæði.
2. Gangandi fólki er heimil dvöl á svæðinu, en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt, eða skaða gróður umhverfis það. Góð umgengni áskilin.
3. Mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu auglýsingar þessarar í Stjórnartíðindum.


Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.
Magnús T. Ólafsson

Birgir Thorlacius



Viðauki II



 <p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Steðji (Staupasteinn)</p>	<p>— Vegir</p> <p>- - - Friðlyst svæði</p>	<p>N</p>	<p>Flátmáli verndarsvæðis: 31 858 m²</p>
				<p>Blað nr. ust2016</p>

F.h. Umhverfisstofnunar, 13. mars 2017

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri

Guðbjörg Gunnarsdóttir, sérfræðingur

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

Björt Ólafsdóttir